

Nd.

288. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv., heimsótt listasafnið til að kynnast aðstöðu þess og rætt við dr. Selmu Jónsdóttur, forstöðumann þess.

Heimsókn nefndarinnar í safnið sannfærði nefndarmenn um, að húsakostur þess er algerlega ófullnægjandi og listaverk þjóðarinnar í yfirvofandi hættu. Hið myndarlega og tiltölulega nýbyggða safnhús er stórgallað, og hefur leki þegar valdið miklum skemmdum á málverkum. Engin aðstaða er til að ráða hita- og rakastigi í geymslum og aldrei að vita, hvar fram koma nýjar sprungur í veggjum eða loftum. Af þessum sökum hefur nú verið veitt allmikið fé á fjárlögum til viðgerðar á húsinu.

Upphaflega voru listasafninu fengnir til umráða rúmgóðir sýningarsalir á efri hæð þjóðminjasafnsins, en mjög litlar og óhentugar geymslur. Síðan hefur reynzt óhjákvæmilegt að taka af sýningarsölum til að auka geymslurými og koma einni starfstúlku fyrir.

Nefndin er sammála um að hvetja eindregið til þess, að lögð verði áherzla á að leysa húsnæðisvandræði safnsins og veita því þá aðstöðu, sem íslenskri myndlist sæmir.

Byggingarmál safnsins snerta þó ekki frv., og mælir nefndin einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. febr. 1969.

Benedikt Gröndal,
form.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Birgir Kjaran,
frsm.

Sigurvin Einarsson,

Gunnar Gíslason.

Magnús Kjartansson.